



# STROFFUTAFLA ÍSFELLS

Hámarksþyngd í tonnum, LVÁ (leyfilegt vinnuálag)/WLL (Working Load Limit)

| Beint tog                                                                         | Snörutog                                                                          | Beint körfutog                                                                    | Körfutog undir horni                                                               | Körfutog undir horni                                                                |
|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
|  |  |  |  |  |
| 1,0                                                                               | 0,8                                                                               | 2,0                                                                               | 1,4                                                                                | 1,0                                                                                 |
| 2,0                                                                               | 1,6                                                                               | 4,0                                                                               | 2,8                                                                                | 2,0                                                                                 |
| 3,0                                                                               | 2,4                                                                               | 6,0                                                                               | 4,2                                                                                | 3,0                                                                                 |
| 4,0                                                                               | 3,2                                                                               | 8,0                                                                               | 5,6                                                                                | 4,0                                                                                 |
| 5,0                                                                               | 4,0                                                                               | 10,0                                                                              | 7,0                                                                                | 5,0                                                                                 |
| 6,0                                                                               | 4,8                                                                               | 12,0                                                                              | 8,4                                                                                | 6,0                                                                                 |
| 8,0                                                                               | 6,4                                                                               | 16,0                                                                              | 11,2                                                                               | 8,0                                                                                 |
| 10,0                                                                              | 8,0                                                                               | 20,0                                                                              | 14,0                                                                               | 10,0                                                                                |
| 12,0                                                                              | 9,6                                                                               | 24,0                                                                              | 16,8                                                                               | 12,0                                                                                |
| 15,0                                                                              | 12,0                                                                              | 30,0                                                                              | 21,0                                                                               | 15,0                                                                                |
| 20,0                                                                              | 16,0                                                                              | 40,0                                                                              | 28,0                                                                               | 20,0                                                                                |
| 25,0                                                                              | 20,0                                                                              | 50,0                                                                              | 35,0                                                                               | 25,0                                                                                |
| 30,0                                                                              | 24,0                                                                              | 60,0                                                                              | 42,0                                                                               | 30,0                                                                                |
| 40,0                                                                              | 32,0                                                                              | 80,0                                                                              | 56,0                                                                               | 40,0                                                                                |
| 50,0                                                                              | 40,0                                                                              | 100,0                                                                             | 70,0                                                                               | 50,0                                                                                |

## ÖRYGGISREGLUR UM NOTKUN Á STROFFUM ÚR GERVITREFJAEFNI

- Aldrei skyldi leggja meira á stroffu en burðargetan segir til um.
- Aldrei skyldi nota skaddaða stroffu.
- Aldrei skyldi tengja kósalaust auga við hluti sem gætu skaddað það. Það sem tengt er við augað skal vera:
  - slétt og ekki með neinar skarpar brúnir.
  - með nógu stóran radius.
  - ekki svo vítt að saumurinn sem myndar augað rifni sundur.
- Það sem tengt er við augað skal vera:
  - slétt og ekki með neinar skarpar brúnir.
  - með nógu stóran radius.
  - ekki svo vítt að saumurinn sem myndar augað rifni sundur.
- Farið afar varlega og gætið þess að nota stroffu með riflegt burðarþol:
  - þegar nákvæmur þungi hlássins er ekki þekktur.
  - þegar búast má við þunga fallálagi af hlassi.
  - við óvenjulegar og erfiðar aðstæður.
  - þegar líf og limir kunna að vera í hættu.
- Ávallt skyldi verja hlífðarkápuna þar sem hætta er á núnungi eða skurðum.
- Gætið ávallt að eftirfarandi til að auka endingartíma stroffunnar:
  - aldrei skyldi krossleggja eða snúa upp á stroffu.
  - aldrei skyldi draga stroffu fram af upphækkun.
  - látið hläss aldrei hvíla í stroffu – það gæti skaðað hana.
  - togið stroffu aldrei undan hlassi.
  - fordíst rykki eða fallálág þegar hläss er sett á.

## NOTKUN Á STROFFUM ÚR GERVITREFJAEFNI Í TENGSLUM VIÐ EFNÍ OG HITA

**ATHUGIÐ** að rækiligur þvottur upp úr köldu vatni eftir notkun með efnum, meira að segja eftir notkun við leyfilegar aðstæður, er nauðsynlegur til þess að forðast skemmdir.

### PÓLYESTER

#### 1. SYRUR

Sumar stroffur úr pólýester þola sýrur nægilega vel við stofuhita en í flestum tilfellum bendum við notendum sem vinna með sýru á að hafa samband við tæknilega ráðgjafa okkar.

#### 2. BASAR

Ekki er mælt með því að nota borðastroffur úr pólýester þegar unnið er með sterkan basa.

#### 3. HITI

Efnið þolir vel þurran hita. Venjulegir þræðir halda 80% af upphaflegu burðarþoli eftir 30 daga við 150°C. Sem dæmi má nefna að borðastroffur úr pólýester voru notaðar til að halda þunga við 150°C í 30 mínútur fjórum sinnum á dag án þess að burðarþolið skertist nokkuð.

## EFTIRLIT MEÐ PÓLYESTERSTROFFUM VIÐ NOTKUN

Á meðan á notkun stendur skal athuga oft hvort merki um galla eða skemmdir sjást á stroffu, þar sem þessi atriði gætu haft áhrif á öryggi hennar. Hafið í huga að óhreinindi geta hulið skemmdir. Einnig skal athuga alla tengihluti og lyfubúnað sem notaðir eru með stroffunni. Sé einhver ástæða til að efast um gæði stroffunnar eða hafi nauðsynlegar merkingar glatast eða orðið ólæsilegar, skal hætta að nota stroffuna. Sjá einnig leiðbeiningar um notkun og viðhald.

**Dæmi um galla eða skemmdir sem telja má líklegt að hafi áhrif á öryggi stroffunnar við notkun:**

- Hverskonar skemmdir á kápunni gefa til kynna að innri burðarþræðirnir gætu hafa skaddast. Þver- eða langskurðir á kápunni, sem og allar skemmdir á saumnum, eru sterkar vísbendingar um að skemmdir kunni að hafa orðið á burðarþráðunum. **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- Staðbundin svörfun, ólík almennu sliti, getur myndast þegar strekt stroffa nuddast við skarpar brúnir. Slík skemmd skerðir burðarþolið verulega. **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- Einhverjar núningskemmdir myndast á kápunni við eðlilega notkun. Ef staðbundin svörfun hefur hins vegar náð að skemma innri burðarþræðina skal **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- Hnútar á hringstroffu minnka burðargetu hennar um 25 til allt að 100%. Aldrei skyldi hnýta hnút eða vinda upp á hringstroffu en **HÆTTIÐ NOTKUN** ef það hefur gerst.
- Þver- eða langskurðir á kápunni ásamt skemmdum á burðarþráðum. **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- og 9. Þver- eða langskurðir, skurðir eða svörfun á köntum. **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- Skaðleg efni geta veikt eða mykt stroffuefnið á einstökum stað. Þetta má sjá á því að kápan flagnar og hægt er að plokka eða nudda hana af. Hverskonar efnaskemmdir á kápunni gefa sterklega til kynna að innri burðarþræðirnir séu varasamir. **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- Þver- eða langskurðir á kápunni ásamt skemmdum á burðarþráðum. **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- og 6. Þver- eða langskurðir, skurðir eða svörfun á köntum. **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- Ómerktá stroffu skal aldrei nota. Merki og auðkenni verða að vera læsileg. **HÆTTIÐ NOTKUN.**
- Krókar og annar tengibúnaður sem eru of stórir fyrir stroffuna geta eyðilegt hana. **HÆTTIÐ NOTKUN** og/eða leitið ráða hjá birgðasala.
- Hita- og núningskemmdir sjást á því að þræðirnir í kápunni verða glansandi eða glerjaðir að sjá. Í alvarlegum tilfellum bráðna þræðirnir og renna saman en það bendir til þess að burðarþræðirnir hafi veikt eða slitnað. **HÆTTIÐ NOTKUN.**



Aldrei á að hnýta upp stroffu með þessum hætti, það skerðir mjög álágþol stroffunnar.



Gætið þess að stroffurnar komist aldrei í snertingu við alkali efni svo sem víttisóða, amoníak o.fl.



Skemmdum stroffum sem ekki standast öryggiskröfur ætti strax að farga.